

Aðalfundur ReykjavíkurAkademíunnar
félags sjálfstætt starfandi fræðimanna

haldinn 15. apríl 2016, kl. 12:15 í fundarsal félagsins, Þórunnartúni 2, 4. hæð.

1. Ingimar Einarsson, formaður stjórnar félags ReykjavíkurAkademíunnar, setti fund og gerði tillögur um embættismenn fundarins. Guðrún Hallgrímsdóttir var kosin fundarstjóri aðalfundar. Björg Árnadóttir var kosin fundarritari.
2. Ingimar Einarsson flutti skýrslu stjórnar RA fyrir starfsárið 2015-2016 og gerði grein fyrir reikningum félagsins. Hrein eign í lok árs var 777.039 kr. Í umræðu um skýrslu stjórnar var rætt um hugmyndir að námskeiðum fyrir félagsmenn og gerð tillaga um að gerð yrði þarfagreining meðal þeirra.

Að lokinni umræðu voru reikningarnir bornir upp og samþykktir einróma.

3. Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses flutti skýrslu um starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2015-2016 og lagði fram reikninga hennar, undirritaða af skoðunarmönnum. Að lokinni umræðu um skýrsluna og reikningana voru þeir bornir upp og samþykktir.
4. Lögð var fyrir tillaga um breytingu á samþykktum fyrir ReykjavíkurAkademíuna ses. sem hefur í samræmi við 13. gr samþykktanna verið samþykkt samhljóða á tveimur stjórnarfundum, 7. og 14. apríl 2016. Breytingartillagan er sem hér segir:

13. grein: Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara.

Formaður stjórnar skal kosinn sérstaklega. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Viðbótin sem lögð var fyrir var sú að formaður skyldi kosinn sérstaklega. Var það gert til að færa hefð til bókar. Tillagan var samhljóða samþykkt.

5. Kjör formanns RA-félags. Ingimar Einarsson gaf kost á sér til endurkjörs, fleiri tillögur komu ekki fram og var hann því sjálfkjörinn.
6. Kjör fjögurra stjórnarmanna RA-félags. Stjórnarmenn gáfu allir kost á sér til endurkjörs, fleiri tillögur komu ekki fram og voru þau sjálfkjörin. Stjórn RA félags skipa því Ingimar Einarsson formaður, Borgþór Kjærnested, gjaldkeri, Björg Árnadóttir, ritari, Þorgerður Þorvaldsdóttir og Guðrún Hallgrímsdóttir, meðstjórnendur.
7. Gengið var til kosninga á stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses. Samkvæmt samþykktri breytingartillögu var formaður kosinn sérstaklega og var Ingunn Ásdísardóttir endurkjörinn formaður með öllum atkvæðum. Úr stjórn gengu Sólveig Ólafsdóttir og Íris Ellenberger, en aðrir stjórnarmenn gáfu áfram kost á sér. Gerð var tillaga um að Kristín Jónsdóttir og Svandís Nína Jónsdóttir tækju sæti í stjórninni og var það samþykkt. Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses skipa því: Ingunn Ásdísardóttir, formaður, Ingimar Einarsson, varaformaður, Gylfi Gunnlaugsson, meðstjórnandi, Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, gjaldkeri, Gylfi Ólafsson, ritari, Kristín Jónsdóttir og Svandís Nína Svavarsdóttir, varamenn.
8. Björn Stefánsson og Jón Pálsson voru endurkjörnir sem skoðunarmenn reikninga.
9. Stjórn félags RA lagði til að félagsgjöld yrðu óbreytt 2.700 krónur og var það einróma samþykkt.
10. Undir liðnum önnur mál hrósaði Svandís Nína skýrslu framkvæmdastjóra. Því næst „gengu fundarmenn hnarreistir út af fundi og hraðbyri inn í nýjan og betri heim,“ eins og einn fundarmanna orðaði það.

Atkvæðisrétt á fundinum höfðu þeir félagsmenn sem voru viðstaddir og hafa greitt félagsgjald.

Fundargerð ritaði Björg Árnadóttir.